

# Héraðsdómur Norðurlands vestra

Dómur 28. janúar 2026

Mál nr. S-39/2025:

## Lögrelustjórinn á Norðurlandi vestra

(Sigurður Hólmur Kristjánsson lögrelustjóri)

gegn

X

(Sigmundur Guðmundsson lögmaður)

(Júlí Ósk Antonsdóttir réttargæslumaður)

## Dómur

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Málið var höfðað með ákæru lögrelustjóra, dagsettri 8. apríl 2025, á hendur X, kt. [...], til heimilis að [...]. Málið var dómtekið 16. desember 2025. Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt að ákvæðum 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- Dómarinn sem fer með málið tók við meðferð þess 1. september 2025 en hafði engin afskipti af því fyrir þann tíma.
- Í ákæru segir að málið sé höfðað gegn ákærða fyrir eftirfarandi brot:

fyrir líkamsárás og brot gegn barnaverndarlögum, með því að hafa, fimmtudaginn 1. ágúst 2024, að [...], beitt barnabarn sitt, A, kt. [...], ofbeldi og líkamlegum refsingum og sýnt honum yfirgang og ruddalegt athæfi en ákærði rassskellti A.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Jafnframt er eftirfarandi einkaréttarkröfu lýst í ákærunni:

Fyrir hönd B, kt. [...], vegna ólögráða sonar hennar, A, kt. [...], hér eftir nefnd kröfuhafi, er þess krafist að X, kt. [...], verði gert að greiða kröfuhafa kr. 1.800.000,- í miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 1. júní 2024 og þar til mánuður er liðinn frá birtingardegi bótakröfu þessarar, en dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar vegna starfa

*réttargæslumanns að mati réttarins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts.*

4. Ákærði neitar sök og krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins en til vara að honum verði ákvörðuð vægasta refsing sem lög leyfa. Þá krefst hann þess að einkaréttarkröfunni verði vísað frá dómi en til vara að dæmd verði lægri bótafjárhæð en krafist er. Enn fremur krefst ákærði þess að málsvarnarlaun verjanda hans verði greidd úr ríkissjóði.

### **Helstu málsatvik**

*Gögn um rannsókn málsins*

5. Í bréfi barnaverndar til lögreglu, dags. 13. ágúst 2024, segir að 7. sama mánaðar hafi A (brotapoli) og móðir hans komið í viðtal til barnaverndar. Þar hafi A greint frá því að ákærði hefði beitt hann ofbeldi. Atvikið hafi átt sér stað á heimili föður þegar A hélt upp á [...] ára afmælið sitt. A hafi „orðið eitthvað pirraður“ og farið inn í herbergi og ákærði í framhaldinu farið inn í herbergið til hans. Þá hafi ákærði barið hann í bringuna, rasskellt hann, kyrkt hann og ýtt honum utan í vegg. A segist hafa náð að kalla á hjálp og faðir hans komið inn í herbergið í kjölfarið og stöðvað ákærða. Fram kemur að A eigi yngri bróður og [upplýsingar um greiningar þeirra] og búsettir hjá móður. Heimilisaðstæður þeirra hafi oft á tíðum reynst bæði móður og drengjunum erfiðar og því hafi verið komið á tilsjón inn á heimili þeirra, sem og skammtímadvöl til að létta á móður. Mál A hafi verið til meðferðar hjá barnaverndarþjónustunni frá 3. maí 2024 þegar tilkynnt hafi verið um áhættuhegðun barns. Komið hafi fram að grunur væri um að barnið beitti ofbeldi og væri í hættu af eigin hegðun. Í tilkynningunni komi fram að móðir hafi greint frá því að A hafi beitt hana ofbeldi.
6. Í sama bréfi er greint frá einstökum tilkynningum varðandi A. Tilkynning hafi borist 13. júní 2024 um atvik sem hafi átt sér stað 28. maí 2024. Móðir hafi þá óskað eftir aðstoð lögreglu þar sem A hafi verið búinn að veitast að henni með líkamlegu ofbeldi. Þegar lögregla kom á heimilið hafi mátt sjá glerbrot úti um allt eftir brotna rúðu sem A hafi brotið með hillu sem hann hafi tekið niður og kastað í rúðuna með þeim afleiðingum að rúðan brotnaði. Seinna sama dag hafi tveir starfsmenn barnaverndar kallað eftir lögregluaðstoð á heimili móður þar sem A hafi staðið í áflogum við þá. Þá hafi lögregla verið kölluð á heimilið 27. júní 2024 þar sem A hafði rústað herberginu sínu og barið yngri bróður sinn á trampólíni. Enn fremur er greint frá tilkynningu sem hafi borist 18.

júlí 2024, þar sem móðir hafi greint frá því að A hafi sett sjálfan sig og aðra í hættu og það komi aðallega til þegar drengirnir séu nýkomnir heim frá föður.

7. Í lögregluskýrslu, dags. 16. ágúst 2024, kemur fram að 13. sama mánaðar hafi lögreglumenn átt samtali við B, m.a. vegna ofbeldis sem hún taldi að sonur hennar, A, hefði orðið fyrir af hálfu föðurafa. B hafi farið yfir sögu A, sem sé einhverfur og sýni ofsareidi. Aðspurð sagði hún reiði drengsins hafa aukist síðustu mánuði. Upp hefðu komið nokkur tilvik þar sem hún hefði þurft að kalla til lögreglu og/eða barnavernd þar sem hann hafi verið búinn að leggja herbergið sitt í rúst, lemja móður og hafa uppi líflátshótanir í garð yngri bróður, móður eða varðandi eigið líf.
8. Haft er eftir B að A segi ákærða hafa lamið hann þegar hann var í umgengni hjá föður sínum í Reykjavík. Ekki sé á hreinu hvort það hafi verið þegar haldið var upp á afmæli hans hjá föður eða þegar flutningar stóðu yfir á heimilinu þar. Þar hafi ákærði átt að hafa lamið hann í bringu eftir að hann hafi farið inn í herbergið sitt.
9. D, sonur ákærða og faðir brotþola, gaf skýrslu hjá lögreglu 4. desember 2024. Þar var borin undir hann atvikalýsing brotþola sem fram kom í skýrslu hans fyrir dómi í Barnahúsi, sem nánar verður gerð grein fyrir síðar. D sagði umrætt atvik ekki hafa verið tengt heitum potti, sem brotþoli hafi minnst á í skýrslu sinni, heldur hefði það verið annað atvik. Það sem hafi gerst í það sinn sem um ræðir í þessu máli hafi verið það að A og E (stjúpbróðir A) hafi farið að rífast um hvor þeirra myndi halda á kattarbúrum sem verið var að flytja. Stjúpmóðir A hafi verið búin að lofa E að gera það en A tekið því illa og gefið E kjaftshögg. D sagðist ekki hafa verið á staðnum en hafi heyrt lætin og farið í kjölfarið niður og inn í herbergi til A, í raun á sama andartaki og faðir hans (ákærði) og móðir hans. Ákærði hafi reynt að róa A niður en hann hafi bitið og kýlt afa sinn. Ákærði hafi þá tekið utan um A, í upphandleggi hans og hafi rasskellt hann í kjölfarið á því. D hafi þá stigið inn í og stoppað það og beðið foreldra sína um að fara út úr herberginu, þar sem þau væru búin að missa stjórn á aðstæðum, sem þau hafi gert. D sagðist hafa setið í hálf tíma með A inni í herbergi eftir þetta til að róa hann niður. Þar hafi A sagt við hann að afi hans hafi ætlað að drepa hann. Þau hafi síðan hist tveimur dögum seinna í afmælisveislu A. Þá hafi A enn verið fúll út í afa sinn en alls ekki hræddur eða neitt slíkt.
10. D gat þess í skýrslunni að þetta sumar hefði verið mikið um að A tæki þannig til orða að einhver ætlaði að drepa einhvern. Sem dæmi um það nefndi hann að nokkrum dögum

áður hefði A sagt starfsmenn á skammtímadvöl hafa ætlað að drepa hann með því að gefa honum kjötfars að borða.

11. Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 6. desember 2024. Borin var undir hann atvikalýsing brotaþola í skýrslu hans í Barnahúsi. Ákærði kvað atvikið sem um ræðir í málinu vera ótengt heita pottinum. Ákærði kvaðst minna að hann hefði verið niðri í herbergi A þegar A hafi komið þangað „kolbrjálaður“, eftir að A hafði slegið til E, stjúpróður síns. Hann hafi kastað símanum sínum með þeim afleiðingum að hann brotnaði. Hann hafi setið við hliðina á A í rúminu og tekið utan um hann til þess að koma í veg fyrir að hann myndi brjóta allt og bramla, eins og hann hafi heyrt að A ætti það til að gera. Þá hafi A lamið hann og bitið hann í handlegginn. Aðspurður um hvað hefði gerst í kjölfarið kvaðst ákærði hafa slegið „eitthvað í afturendann“ á brotaþola. Hann hafi slegið hann einu sinni, að honum minnti, með flötum lófa, en ekki af neinu afli og ekkert hafi séð á brotaþola vegna þess. Aðspurður um viðbrögð A við því kvað ákærði hann hafa orðið „verri ef eitthvað var“.

12. Aðspurður um samskiptin milli hans og A sagðist ákærði hafa sagt honum að vera rólegum en ekki sagt nein ljót orð eða sagst ætla að drepa hann. Aðspurður um hvort hann hefði kýlt A sagði ákærði það ekki vera rétt en A hefði slegið til hans.

*Skýrslur fyrir dómi*

#### Skýrsla ákærða

13. Í skýrslu sinni fyrir dómnum greindi ákærði þannig frá atvikum að hann hefði verið staddur hjá syni sínum og tengdadóttur sem voru að flytja í annað húsnæði. Þar hafi einnig verið brotaþoli og sonur tengdadóttur ákærða. Strákarnir hafi farið að rífast og brotaþoli lamið hinn drenginn í andlitið. Brotaþoli hafi svo komið niður í herbergi, þar sem ákærði var fyrir, og verið „trylltur“. Ákærði hafi sest á rúmið og haldið utan um drenginn sem hafi orðið „alveg vitlaus“, hent síma sínum í gólfíð og hótað að brjóta rúðu. Ákærði hafi reynt að halda brotaþola því hann hafi vitað að brotaþoli væri „alveg ógnarsterkur“. Brotaþoli hafi verið kominn ofan á hausinn á ákærða og ákærði varla ráðið nokkuð við hann en hafi þá slegið á lærið á honum. Ákærði kvaðst aðallega hafa verið að verja sjálfan sig með þessu því drengurinn væri hættulegur. Ekki hafi séð á brotaþola vegna þessa.

14. Nánar aðspurður um þetta kvaðst ákærði hafa slegið brotaþola í lærið en ekki rassskellt hann. Drengurinn sé á einhverfurófi og búi til sögur. Aðspurður um tilgang þess að slá

til drengsins sagði ákærði að drengurinn hafi verið kominn upp á hausinn á honum og ákærði hafi ekkert ráðið við hann. Tilgangurinn hafi ekki verið sá að meiða hann eða refsa honum heldur að losna frá honum. Faðir drengsins (sonur ákærða) hafi þá komið inn og í framhaldinu séð um að róa drenginn niður.

15. Aðspurður um hvort drengurinn hefði beitt ákærða ofbeldi sagði ákærði að drengurinn hefði farið að berjast um og hótað að brjóta rúðu og ákærði hafi þá farið að halda honum fastar. Brotapoli hafi þá kýlt ákærða í andlitið og bitið ákærða, að hann minnti í handlegginn. Brotapoli hafi verið kominn upp á höfuð ákærða og verið ofan á eða utan á ákærða þegar ákærði sló til hans.
16. Þegar skýrsla um framburð ákærða fyrir lögreglu var borin undir hann kvaðst hann staðfesta þann framburð. Nánar aðspurður um framburð sinn fyrir lögreglu, þess efnis að hann hafi rassskellt brotapola kvaðst ákærði þó ekki muna nákvæmlega hvernig þetta hefði verið, svo mikið hafi gengið á. Þá kvaðst hann telja að hönd hans hefði lent einhvers staðar utan á drengnum, líklega á mjöðminni.

#### Skýrsla brotapola, A

17. Brotapollinn A gaf skýrslu fyrir dómi í Barnahúsi 19. september 2024. Þar greindi hann m.a. frá því að haldið hefði verið upp á afmæli heima hjá pabba hans. Þar hafi afi hans (ákærði) verið staddur og orðið mjög reiður við hann. Ákærði hafi kýlt hann og rassskellt hann „rosa, rosa, rosa fast og sagði ekki dirfa þér að gera þetta og eitthvað þannig“. Aðspurður um hvað A hefði þá verið að gera kvað hann það ekkert hafa verið, hann hafi bara verið reiður og verið að fara upp úr pottinum. Nánar aðspurður um þetta sagði hann að E, stjúpbróðir hans, hefði skallað í borð og ákærði hafi haldið að hann (A) hefði gert það og byrjað að lemja hann. A hafi orðið mjög reiður út í ákærða. A kvaðst hafa verið inni í herbergi þegar ákærði kýldi hann, rassskellti og sagði við hann ljót orð. A kvaðst hafa meitt sig og fengið marblett á hnéð vegna þessa. A kvaðst hafa brotið símann sinn af því ákærði hafi verið að kýla hann, en hann hafi þurft að verja sig.

#### Skýrsla D

18. D, sonur ákærða og faðir brotapola, greindi þannig frá atvikum að brotapoli hefði kýlt stjúpbróður sinn og í framhaldinu hlaupið inn í herbergi, þar sem faðir vitnisins (ákærði) og móðir voru stödd. Þar hafi brotapoli brotið síma, bitið ákærða og beitt hann ofbeldi sem hafi endað með því að ákærði sló hann eða rassskellti. Þá hafi vitnið verið að koma

inn í herbergið. Vitnið hafi í framhaldinu rekið föður sinn og móður út úr herberginu og verið þar einn með drengnum.

19. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða rassskella brotaþola, en það hefði verið mjög léttvægt í krefjandi aðstæðum. Hann kvaðst ekki álíta að faðir sinn hefði verið að beita drenginn ofbeldi með þessu eða refsa honum, heldur hefði hann misst stjórn á aðstæðum. Eftir umrætt atvik hafi verið bitfar á ákærða eftir drenginn og það hafi sést vel. Drengurinn hafi slegið til hans, klifrað upp á hann og nánast látið högginn dynja á honum.

20. Vitnið kvað drenginn glíma við mikinn hegðunarvanda, tengdan einhverfu og ADHD. Hann kvaðst vita til þess að lögregla hefði margoft verið kölluð á heimili móður vegna hegðunarvanda drengsins og ofbeldis. Í eitt sinn hafi lögregla þurft að halda drengnum niðri. Jafnframt hafi drengurinn beitt starfsfólk skóla ofbeldi.

#### Skýrsla G

21. G, eiginkona ákærða og amma brotaþola, greindi frá því að atburðarásin hefði hafist með því að brotaþoli hefði kýlt hinn drenginn og síðan hafi hann hent síma sínum í gólfíð og eyðilaggt hann. Ákærði hafi í framhaldinu tekið utan um drenginn en drengurinn hafi barist um á hæl og hnakka, barið ákærða og bitið hann. Ákærði hafi þá slegið létt í lærið á honum til að róa hann niður. Aðspurð um hvar höggið hefði lent kvað vitnið það hafa verið efst á vinstra læri drengsins.

#### Skýrsla H

22. Í skýrslu H, fyrrverandi deildarstjóra og stuðningsfulltrúa í grunnskóla brotaþola, kom fram að drengurinn hafi þurft á stuðningi að halda þar sem hann hafi átt erfitt með að einbeita sér og glímt við hegðunarerfiðleika. Drengurinn hafi oft reiðst og stundum ráðist á önnur börn. Misjafnlega hafi gengið að róa hann. Stundum hafi þurft tvo starfsmenn til að halda honum niðri en það hafi þó ekki verið algengt. Það hafi verið gert til að hann meiddi engan, en hann hafi m.a. átt það til að kýla með hnefa í andlit barna.

#### Skýrsla B

23. B, móðir brotaþola, sagði brotaþola hafa sagt sér frá atvikinu og að í frásögn hans hafi m.a. komið fram að ákærði hefði rassskellt hann. Hún kvað atvikið hafa haft mikil áhrif á drenginn, einkum hvað það varðar að verða hræddur við fólk, sérstaklega fólk sem setur honum mörk og reglur.

24. Vitnið kvað drenginn vera einhverfan og með ADHD. Hún kvað hann eiga það til að beita ofbeldi og að hann geti verið hættulegur sjálfum sér og öðrum. Fyrir hafi komið að

þurft hafi að stöðva hann með valdi. Hún kvaðst m.a. sjálf hafa þurft að gera það. Einnig kvaðst hún hafa þurft að kalla til lögreglu vegna hegðunar drengsins, sennilega að lágmarki 20 sinnum. Það hafi hún gert því hún vildi ekki meiða drenginn en hún hafi ekki kunnáttu til að stöðva hann án þess að meiða hann. Hún kvað lögreglu stundum hafa þurft að beita drenginn líkamlegum þvingunum til að halda honum í skefjum.

#### Skýrsla I

25. Í skýrslu I, sem starfaði áður sem stuðningsfulltrúi brotþola, kom fram að drengurinn hefði þurft stuðning því hann sé með greiningar sem valdi því að hann hafi ekki stjórn á skapi sínu. Það hafi getað leitt til ofbeldis ef hann missti stjórn á því. Vitnið kvað það hafa gerst að halda hafi þurft drengnum niðri. Hann kvað drenginn hafa átt það til að vera hættulegan ef ekki var farið rétt að honum.

#### **Helstu röksemdir ákærvaldsins**

26. Ákærvaldið byggir á því að sannað sé að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greinir. Ákærði hafi sjálfur greint frá því í skýrslu sinni hjá lögreglu að hafa rassskellt drenginn og faðir drengsins hafi einnig borið um það fyrir dómnum.
27. Það sé ekki skilyrði refsinnæmis samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að brot hafi haft afleiðingar fyrir brotþola. Þá hafi orðalagi 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 verið breytt með lögum nr. 52/2009. Eftir þá breytingu sé lagt fortakslaust bann við því að barn sé beitt líkamlegum refsingum.

#### **Helstu röksemdir ákærða**

28. Af hálfu ákærða er byggt á því að ákærvaldinu hafi ekki tekist sönnun um refsinnæmi verknaðar ákærða, þar á meðal um huglæg skilyrði refsíabyrgðar. Ákærði hafi verið að glíma við mjög krefjandi aðstæður þar sem drengurinn hafi verið að beita hann ofbeldi. Tilgangur ákærða með háttsemi sinni hafi verið sá að róa drenginn en ekki að meiða hann. Ekki liggi fyrir að ákærði hafi slegið drenginn fast og ekki skipti höfuðmáli hvort hann hafi rassskellt hann eða slegið hann á lærið. Þá sé frásögn drengsins af atvikinu ekki trúverðug, m.a. í ljósi þess hvernig hann hafi greint frá atvikum að öðru leyti.
29. Til að sakfellt verði fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga þurfi ákærvaldið að hafa sýnt fram á að ásetningur ákærða hafi staðið til þess að valda tjóni á líkama eða heilbrigði brotþola. Aftur á móti geti sú háttsemi sem lýst er í 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga talist refsiverð án tillits til afleiðinga hennar. Til að sakfellt verði fyrir

brot gegn þeim ákvæðum verði ákærvaldið þó að hafa sýnt fram á að ásetningur ákærða hafi staðið til þess að beita drenginn líkamlegri refsingu eða sýna honum ruddalegt athæfi. Ákærvaldinu hafi ekki tekist sú sönnun.

### **Forsendur og niðurstöður**

30. Samkvæmt 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, skal hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Þá gildir samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, hvílir á ákærvaldinu. Samkvæmt 109. gr. sömu laga metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti.
31. Verksnaði ákærða er lýst á þann veg í ákæru að ákærði hafi beitt brotaþola ofbeldi og líkamlegum refsingum og sýnt honum yfiringang og ruddalegt athæfi en ákærði hafi rassskellt brotaþola.
32. Framburði ákærða fyrir dómnum er lýst í efnisgreinum nr. 13–16 hér að framan og framburði hans fyrir lögreglu í efnisgreinum nr. 11–12. Fyrir dómnum greindi ákærði í meginatriðum þannig frá atvikum að brotaþoli hefði verið mjög æstur eftir rifrildi við stjúpbróður sinn, þar sem brotaþoli hafi lamið hann í andlitið. Ákærði hafi haldið utan um brotaþola, sem hafi hent síma sínum í gólfið og hótad að brjóta rúðu. Brotaþoli hafi kýlt ákærða í andlitið, bitið hann, verið kominn ofan á höfuð ákærða og verið ofan á honum eða utan á honum þegar ákærði sló til hans. Ákærði gat þess að hann hefði varla ráðið nokkuð við brotaþola sem væri mjög sterkur. Ákærði kvaðst telja að höggið hefði lent á læri eða mjöðm brotaþola. Tilgangurinn hafi ekki verið sá að meiða hann eða refsa honum heldur að losna frá honum.
33. Framburði ákærða fyrir dómnum ber í aðalatriðum saman við framburð hans fyrir lögreglu. Þó kvaðst ákærði fyrir lögreglu hafa rassskellt brotaþola, að hann minnti einu sinni, með flötum lófa og ekki af neinu afli.
34. Framburði ákærða um atburðarásina ber einnig í aðalatriðum saman við framburð sonar hans, D, sem jafnframt er faðir brotaþola, og eiginkonu hans, G, en sönnunargildi framburða þeirra er þó metið í ljósi tengsla þeirra við ákærða og brotaþola. D kvaðst hafa séð ákærða rasskella brotaþola, en það hefði verið mjög léttvægt í krefjandi aðstæðum. G kvað ákærða hafa slegið létt í læri brotaþola til að róa hann niður.

35. Ekki skiptir máli, hvað ætlað refsináemi verknaðar ákærða varðar, hvort hann sló ákærða á rass, læri eða mjöðm. Þá verður ekki talið að framburðirnir stangist beinlínis á þótt þeir séu mismunandi hvað þetta snertir, enda atburðarásin að líkindum hröð og aðstæður krefjandi, svo telja má skiljanlegt að þau sem voru viðstödd hafi ekki tekið nákvæmlega eftir því hvar höggið lenti.
36. Fram hefur komið í málinu að drengurinn hafi átt það til að beita ofbeldi og verið mjög erfiður viðfangs þegar hann reiddist, svo mjög að jafnvel hafi þurft að halda honum niðri við þær aðstæður. Þetta verður m.a. ráðið af gögnum um útköll lögreglu á heimili drengsins vegna hegðunar hans og skýrslu móður hans, B, sem greindi frá því að hafa ítrekað þurft að kalla til lögreglu til aðstoðar við að halda aftur af drengnum undir slíkum kringumstæðum, sem hún hafi ekki haft kunnáttu til að gera sjálf án þess að meiða hann. Hið sama verður ráðið af skýrslum H, fyrrverandi deildarstjóra og stuðningsfulltrúa í grunnskóla drengsins, og I, sem starfaði áður sem stuðningsfulltrúi drengsins.
37. Þegar framangreint er virt í heild standa líkur til þess að höggið sem ákærði veitti brotþola hafi verið einhvers konar varnarviðbragð ákærða við yfirstandandi árás drengsins en að það hafi ekki haft þann tilgang að meiða drenginn eða refsa honum. Vafa um þetta verður að skýra ákærða í hag, sbr. fyrrgreinda meginreglu 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
38. Samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal hver sá sem gerist sekur um líkamsárás, sem þó er ekki svo mikil sem segir í 218. gr. laganna, sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Samkvæmt 18. gr. sömu laga er það skilyrði refsíabyrgðar samkvæmt 1. mgr. 217. gr. að verknaður sé framinn af ásetningi. Ákærvaldið þarf því að sanna, þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi ætlað sér að meiða brotþola, mátt ætla að langlíklegast væri að hann myndi meiðast, eða í það minnsta hlotið að vita að brotþoli gæti hlotið áverka en látið sér þær afleiðingar í léttu rúmi liggja. Að framangreindu virtu er ósannað að ásetningur ákærða hafi staðið til þess að slíkar afleiðingar kæmu fram.
39. Ákvæðum 99. gr. barnaverndarlaga nr. 88/2002 var breytt með 3. gr. laga nr. 52/2009. Eftir þær breytingar er ákvæði 1. mgr. 99. gr. þess efnis að hver sem beitir barn andlegum eða líkamlegum refsingum, hótunum eða ógnunum eða sýnir af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni skuli sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum. Þá segir í 3. mgr. að hver sem sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða

móðgar skuli sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Ákvæðum 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga var ekki breytt með lögum nr. 52/2009, heldur hafa þau staðið óbreytt síðan lögin voru sett árið 2002.

40. Í athugasemdum við 3. gr. í frumvarpinu sem varð að lögum nr. 52/2009 segir að ákvæði 1. mgr. geri það beinlínis refsivert að beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum. Gert sé ráð fyrir að háttsemin varði sömu refsingu og brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og að túlka skuli ákvæðin á sama hátt.
41. Ákvæði 3. gr. frumvarpsins tóku breytingum í meðförum Alþingis, á grundvelli breytingartillögu félags- og tryggingamálanefndar. Í nefndaráliti nefndarinnar kemur fram að frumvarpinu sé m.a. ætlað að bregðast við dómi Hæstaréttar frá 22. janúar 2009 í máli nr. 506/2008, þar sem komist hafi verið að þeirri niðurstöðu að með 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga væri ekki lagt fortakslaust bann við því að foreldri eða annar maður með samþykki þess beiti barn líkamlegum aðgerðum til að bregðast við óþægð heldur sé refsinaemi slíkrar háttsemi háð því að gerðir hans séu til þess fallnar að skaða barnið andlega eða líkamlega. Nefndin telji rétt, til að taka af öll tvímæli, að breyta orðalagi 2. mgr. 1. gr. og jafnframt, til að tryggja börnum enn frekari vernd, að bannákvæðið taki til þess að beita börn ofbeldi og vanvirðandi háttsemi. Nefndin leggi áherslu á að með ofbeldi sé einnig átt við andlegar og líkamlegar refsingar. Undir það falli m.a. að slá barn, þ.m.t. löðrunga, lemja og rassskella, ýmist með hendi eða öðru.
42. Í þessu sambandi er í nefndarálitinu vísað til skilgreiningar barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna. Þess er einnig getið að barnaréttarnefndin geri sérstakan greinarmun á annars vegar ofbeldi og vanvirðandi háttsemi og hins vegar því að ala barn upp og beita nauðsynlegum aga. Viðurkennt sé að foreldrum og öðrum beri að tryggja barni gott uppeldi, umönnun eða leiðsögn og setja því mörk sem stuðla að mestum hugsanlegum þroska barnsins. Einnig sé ljóst að uppeldi og umönnun geti verið krefjandi og feli oft í sér meiri líkamlega snertingu og markasetningu en samskipti tveggja fullorðinna. Barnaréttarnefndin telji ljóst að í framkvæmd megi þó gera nokkuð skýran mun á annars vegar jákvæðum, uppbyggilegum aga og hins vegar líkamlegu valdi eða háttsemi sem sé ætlað að meiða eða niðurlægja barn. Barnaréttarnefndin geri einnig greinarmun á annars vegar refsingu eða vanvirðandi háttsemi og hins vegar nauðsynlegum líkamlegum viðbrögðum til að forða barni frá því að skaða sjálf sig eða aðra. Félags- og tryggingamálanefnd taki undir þessi sjónarmið barnaréttarnefndarinnar.

43. Þegar 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga er skoðuð með hliðsjón af þessum skýringum verður ekki talið að ákærði hafi beitt brotþola líkamlegri refsingu í skilningi ákvæðisins í umrætt sinn, enda standa líkur sem fyrr segir til þess að háttsemi ákærða hafi fremur verið varnarviðbragð vegna hegðunar drengsins. Af sömu ástæðum verður ekki heldur talið sannað að ákærði hafi með háttsemi sinni sýnt brotþola yfirgang eða ruddalegt athæfi í skilningi 3. mgr. sömu lagagreinar.
44. Að öllu framangreindu virtu verður ákærði sýknaður af refsikröfu ákærvaldsins. Af því leiðir jafnframt að vísa ber frá dómi einkaréttarkröfu B, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
45. Þar sem ákærði er sýknaður verður hann ekki látinn bera sakarkostnað málsins heldur ber að greiða þann kostnað úr ríkissjóði, sbr. 1. mgr. 233. gr. og 2. mgr. 235. gr. sömu laga. Þar með eru talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigmundar Guðmundssonar lögmanns, og þóknun réttargæslumanns brotþola, Júlíar Óskar Antonsdóttur lögmanns. Í samræmi við tímaskýrslur verjanda og réttargæslumanns þykir þóknun þeirra hæfilega ákvæðin eins og í dómsorði greinir, að meðtöldum virðisaukaskatti. Aksturskostnaður verjanda og réttargæslumanns ákvarðast eins og í dómsorði greinir, í samræmi við framlögð gögn þar að lútandi. Í samræmi við 1. mgr. 234. gr. er fjárhæð sakarkostnaðar sem fellur á ríkissjóð ekki tilgreind að öðru leyti.
46. Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Sigurður Hólmar Kristjánsson settur lögreglustjóri, af hálfu ákærða Sigmundur Guðmundsson lögmaður, skipaður verjandi ákærða, og vegna einkaréttarkröfu Júlí Ósk Antonsdóttir lögmaður, skipaður réttargæslumaður brotþola.
47. Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóminn.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákærvaldsins í málinu.

Einkaréttarkröfu B er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigmundar Guðmundssonar lögmanns, 1.192.725 krónur, auk aksturskostnaðar verjandans að fjárhæð 25.998 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Júlí Óskar Antonsdóttur lögmanns, 865.830 krónur, auk aksturskostnaðar réttargæslumannsins að fjárhæð 33.840 krónur.

Þorsteinn Magnússon